

Samantekt: Ferðamannaútskot við Hringveginn - Suðurland

Auður Andrésdóttir, Jarðfræðingur – umhverfismál – Mannvit

audur@mannvit.is

Verkefnið. Verkefnið „Ferðamannaútskot við Hringveginn - Suðurland“ felst í að skoða 16 staði á Suðurlandi innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Vík, sem voru kortlagðir í verkefninu „Hringvegurinn – Áhugaverðir staðir“. Verkefnið takmarkast við vegakaflann á Hringveginum frá Hvolsvelli austur að Núpsvötnum á Skeiðarársandi. Í verkefninu voru skoðaðir nánar þegar skilgreindir staðir sem nýttir eru sem ferðamannaútskot og greindar mögulegar úrbóta aðgerðir, sem auka mundu umferðaröryggi allra vegfarenda. Einnig voru mótaðar tillögur að forgangsröðun staða og tillögur að staðsetningu og útfærslu úrbóta á hverjum stað. Markmiðið er að tillögur um úrbætur verði hægt að nýta sem nokkurs konar forskrift að úrbótum á öðrum köflum Hringvegarins.

Gögn og heimildir sem stuðst hefur verið við í þessari athugun eru m.a. fyrri rannsóknir og athuganir, upplýsingar um umferð frá Vegagerðinni, opinberar tölur um fjölda ferðamanna, opinber stefnumörkun s.s. samgönguáætlun, skipulagsáætlanir og áfangastaðaáætlun Suðurlands. Einnig var farin vettvangsferð á staðina, skoðuð kort, kortasjár og aflað landupplýsinga m.a. frá Vegagerðinni. Samtal átti sér auk þess stað við starfsmenn Vegagerðarinnar á fundum og í síma.

Ferðamenn og ferðamáti. Mikil umferð ferðamanna er um Suðurland allan ársins hring og leiðin að nokkrum fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins liggur um Hringveginn á athugunarsvæðinu. Út frá könnunum sem gerðar hafa verið er áætlað að um 7 sinnum fleiri ferðamenn hafi nýtt sér bílaleigubíla á Íslandi árið 2017 en árið 2009 og því hefur álag á vegum á Suðurlandi aukist mikið á tímabilinu. Og í nýbirttri skýrslu sem unnin var á vegum Stjórnstöðvar ferðamála kemur fram að ferðamenn árin 2010 og 2011 voru um 500 þúsund og um 2,2 milljónir árið 2017. Einnig kemur fram að notendur innviða voru nærri 350 þúsundum í ágúst 2010 en um 450 þúsund í ágúst 2017 og að samhliða hefur fjöldi bílaleigubíla í júlí farið úr 10 þúsund bíla í rúmlega 25 þúsund. Þá kemur fram í könnun sem var gerð árið 2017 meðal erlendra ferðamanna sem leigja bíl að margir töldu að fjölga þyrfti áningarstöðum og öðrum stöðum (bílastæðum) við veginn þar sem hægt væri að stoppa og taka myndir. Einnig kemur fram að ferðamenn telja þurfa að fjölga salernum á ferðamannastöðum og bæta upplýsingagjöf um þjónustu.

Opinber stefnumörkun. Í samgönguáætlunar 2019 – 2023 sem lögð var fram á þingi haustið 2018 eru markmið um greiðar samgöngur og öryggi í samgöngum. Meðal verkefna og aðgerða sem tiltekin eru til að ná þessum markmiðum eru aukin upplýsingagjöf til ferðamanna, s.s. með vegmerkingum, dreifiritum og á netinu. Einnig verði unnið að lagfæringum á stöðum þar sem mörg slys hafa orðið og umhverfi vega bætt til að draga úr hættu á alvarlegum slysum við útafakstur. Þá er er tiltekið að aðskilja eigi akstursstefnu á umferðapungstu vegunum og fara í aðgerðir sem draga úr eða takmarka hraða ökutækja, ásamt því að fjölga hvíldarsvæðum við þjóðvegi og fjölga útskotum fyrir ferðamenn.

Mat á ástandi, forgangsröðun og tillögur að úrbótum við ferðamannaútskot. Núverandi ástand var það fyrsta sem var skoðað út frá fyrirliggjandi gögnum og vettvangsskoðun. Tekin var saman lýsing hvers staðar, lega og rask á vegi og umhverfi. Einnig er fjallað um ástæðu ferðamannastopps, fjarlægð til næsta áningarstaðar, sérstöðu og vinsældar staðarins, auk landnotkunar og verndar sem um hann gilda. Þá var farið yfir öryggismál, skilti og vegmerkingar og með hvaða hætti væri hægt að beina fólk annað. Jafnframt var skoðuð möguleg staðsetning nýs áningarstaðar ef við á og hversu mikið ætti að framkvæma á hverjum



stað, m.a. mögulegt umfang bílastæðaplana, önnur aðstaða, bekkir, göngustígar ofl. Að lokum var farið yfir hvort að leggja ætti til lækkun hámarkshraða.

Forgangsröðun var tekin fyrir að loknu mati á öllum ferðamannaútskotum. Við forgangsröðun eru umferðaröryggismál ofarlega á blaði ásamt fjarlægð í næstu áningarstaði eða útskot og upplýsingum á skiltum og vegmerkingum. Umferðartölur og slysaskráningar eru einnig þættir sem þarf að horfa til. Upplýsingar um vinsældir og sérstöðu staða eru mikilvægar og upplýsingar um það hafa fengist úr fyrirbyggjandi gögnum og samtölum við starfsmenn Vegagerðarinnar. Staðsetning m.t.t. skipulags, landnotkunar, verndar, umhverfissjónarmiða, þjónustu, afþreyingar og aðgengismála eru einnig meðal atriða sem taka þar með í reikninginn við forgangsröðun. Samspil þessara þátta hefur svo áhrif á það hvort einhverjar úrbætur eru yfir höfuð mögulegar eða framkvæmanlegar.

Markmið með úrbótum er að bregðast við gagnrýni um skort á áningarstöðum við þjóðveginn með því að bjóða ferðamönnum með reglulegu millibili upp á aðstöðu til að stöðva bíla, njóta umhverfisins, taka ljósmyndir og hvílast. Það er talið muna hafa jákvæð áhrif á öryggi ferðamanna og annarra vegfarenda. Einnig geta úrbætur dregið úr og dreift álagi á vinsæla áningarstaði.

Viðmið við úrbótatillögur er að lagt sé mat á hvort og hversu mikið ætti að framkvæma á hverjum stað í framhaldi af forgangsröðun. Við mat á því hvað eigi að gera er m.a. horft til fjarlægðar í næstu útskot eða áningarstaði og staðsetningu ferðamannaútskotsins m.t.t. útsýnis, landslags, náttúruverndar og viðkvæms gróðurlendis. Ef byggja á nýjan áningarstað er rétt að leggja áherslu á staðsetningarval hans út frá umferðaröryggi. Gott útsýni af staðnum er einnig mikilvægt. Meta þarf út frá framangreindum þáttum hvort nýr áningarstaður verði við „á hugaverða staðinn“ eða í einhverri fjarlægð og þá með göngustíg að staðnum.

Lagðar eru fram tillögur að þremur úrbótaflokkum: (A) Bætt verði við nýjum áningarstað og bætt við skiltum og aukin upplýsingagjöf um áningarstaði og þjónustu; (B) Úrbætur verði gerðar á fyrirbyggjandi áningarstað í nágrenni og bætt við skiltum og aukin upplýsingagjöf; (C) Eingöngu verði bætt við skiltum og aukin upplýsingagjöf. Niðurstaðan er að á 5 af 16 athugunarstöðum er lagt til verði bætt við nýjum áningarstöðum (úrbótaflokkur A), tveimur verði gerða úrbætur á fyrirbyggjandi stað (flokkur B) og á 9 stöðum verði fyrst og fremst bætt við skiltum og aukin upplýsingagjöf til að auka líkur á að ferðamenn stoppi frekar á skilgreindum áningarstöðum ef þeir vita af þeim í tíma.

Gerðar eru tillögur að útfærslum úrbóta miðað við mismunandi aðstæður, þ.e. frumhönnun ferðamannaútskots fyrir myndatökustopp. Í fyrsta lagi er frumhönnun fyrir áningarstaðar fyrir lengri stopp, á vinsælum stöðum með möguleika á að setja upp salerni og aðra aðstöðu s.s. sem bekki og borð ásamt frumhönnun göngustígs að útsýnistað eða útsýnispalli þar sem við á. Í öðru lagi er frumhönnun fyrir áningarstað fyrir styttri stopp þar sem ekki er gert ráð fyrir að sett verði upp salernisaðstaða en þó verði miðað við að hægt sé að leggja bílum og gott aðgengi verði á „útsýnisstað“. Í þriðja lagi er gerð tillaga að staðsetningu, tegund og fjölgun skilta til upplýsingar um nálæga áningarstaði og öryggismál.

Ályktun. Lagt er til að til framtíðar verði gerðar áætlanir um áningarstaði við þjóðvegi landsins til lengri tíma í samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, ferðamálayfirvöld, samtök ferðaþjónustunnar og aðra hagaðila við undirbúning vegaframkvæmda og hönnun, jafnt endurbyggðra sem nýrra vega. Hugað verði vel að staðsetningu áningarstaða með jöfnu millibili við Hringveginn og aðra fjölfarna vegi landsins, þar sem er gott útsýni, áhugavert umhverfi, gott aðgengi og öryggismál um leið höfð í fyrirrúmi.